

Nd.

667. Nefndarálit

[170. mál]

um frv. til laga um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

Frá 2. minni hl. landbúnaðarnefndar.

Það hefur komið í ljós, að ekki er samstaða í nefndinni um afgreiðslu þessa frumvarps. Meiri hlutinn vill engar breytingar á því gera og leggur til, að það sé samþ. óbreytt, en hins vegar teljum við fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna í nefndinni, að gera þurfi á frumvarpinu verulegar breytingar, og flytjum við sameiginlega breytingartillögur við málið á sérstöku þingskjali.

Mál þetta er sprottið upp úr þeim jarðvegi, að ræktunarsjóður og byggingarsjóður sveitabæja eru nú svo sárt leiknir eftir endurtekna gengisfellingu íslenzkrar krónu, að þá vantar um 34 millj. kr. til að eiga fyrir skuldum. Úr þessu er ætluð að bæta með stofnframlagi og aukningu árlegra tekna sjóði þeim til handa, sem nú á að leysa þessa tvo sjóði af hólmi.

Tilgangur frumvarpsins er því sá að reisa sjóði landbúnaðarins við eftir þau áföll „viðreisnarinnar“, sem sökkt höfðu þeim niður í gjaldþrotsfen.

Meginefni frumvarpsins er því hið mesta nauðsynjamál, og er ágreiningur okkar Alþýðubandalagsmanna við meiri hluta landbúnaðarnefndar og ríkisstjórnina ekki um tilgang frumvarpsins, heldur um einstök atriði þess, og alveg sérstaklega teljum við, að í tekjuöflunaráformum þess komi fram ranglát skattlagning á bændastétt landsins, þar sem áformað er, að á framleiðsluvörur landbúnaðarins komi 1% gjald, sem bændastéttinni verði gert að greiða. Einnig teljum við, að gjald það, sem neytendum er ætlað að greiða með hækkuðu búvöruverði á markaði, væri réttlátara að greitt væri af almannafé, þ. e. úr ríkissjóði.

Það er kunnari staðreynd en svo, að um hana þurfi að deila, að „viðreisnin“ hefur ekki einasta leikið sjóði landbúnaðarins grátt, heldur og bændurna sjálfa. Á hinn bóginn hefur ríkissjóður tekið til sín nokkur hundruð milljóna króna einmitt með þeim sömu ráðstöfunum, sem svo þungar hafa reynzt landbúnaðinum. Þess vegna mun allur þorri bænda illa þola þá kvöð, sem þeim er fyrirhuguð með 1% gjaldinu, og hagar flestra neytenda hefur og verið stórlega rýrður, svo að ekki er á hans þungu búsigfar bætandi verðhækkunum á brýnustu nauðsynjarnar, svo sem mjólk og kjöt.

Sú rösklega 20 millj. kr. tekjuaukning, sem hinum nýja sjóði er ætluð, svarar til þess, að ríkissjóður með allan sinn gengishagnað, margefldu söluskatta og innflutningstolltekjur af allri erlendu verðhækkuninni greiddi svo sem 1% af sínum tekjum til að bæta það tjón, sem með stjórnarráðstöfunum hefur verið unnið á sjóðum landbúnaðarins.

Þess vegna stendur Alþýðubandalagið að tillögu um, að hvorki verði bændum né búvöruneytendum íþyngt með sérstökum gjöldum til sjóðanna, sem urðu „viðreisninni“ að bráð, heldur verði viðreisnin á „viðreisninni“ kostuð úr ríkissjóði.

Í frumvarpinu fer fram mikil endursamþykkt á stórum köflum laga, sem þegar eru í gildi um landbúnaðinn.

Einn þeirra þátta, sem þannig liggja hér fyrir þingi til endursamþykktar, er ákvæðið um sérstakt aukaframlag til ræktunar á þeim býlum, þar sem túnstærð er innan við 10 hektara. Er í frumvarpinu ráðgert, að þetta ákvæði framlengist í 4 ár.

Meðal þeirra breytingartillagna, sem við minnihlutamenn gerum við þau ákvæði, er, að þetta 10 ha mark verði hækkað í 15 ha og fjárframlag í samræmi við það. Teljum við það eðlilega þróun, að svo verði á málum haldið.

Að öðru leyti verður frekari grein gerð fyrir breytingartillögum minni hluta landbúnaðarnefndar í framsöguræðum.

Alþingi, 7. apríl 1962.

Karl Guðjónsson.